

Nd.

505. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá mentamálanefnd.

Með lögum um laun háskólakennara er svo ákveðið, að kennarinn í sögu hafi að eins aukakennara(dósent)stöðu við skólann, og njóti þar af leiðandi aldrei þeirrar launahæðar, sem prófessorsstaða veitir. Í þessu embætti hefir siðan háskólinn var settur á stofn setið sami maður, og hefir hann tvímælalaust ágætlega stáðið í þeirri stöðu. Það, sem því fyrst kemur til athugunar við þetta frv., er það, hversu hátt sæti þessi fræðigreinin á að skipa við háskólann, og þá jafnframt hvort sá maður, er nú gegnir starfinu, er því svo vel vaxinn, að til mála geti komið að breyta um afstöðu þess og kennarans við hinar aðrar námsgreinar og kennarastöður í skólanum.

Hvað þessa fræðigreinin snertir, verður nefndin að álíta, að henni beri að skipa meðal þeirra námsgreina, sem mikilvægastar teljast við skólann, og þar af leiðandi eigi ekki að setja kennara í þessari námsgrein skör lægra, eða starf hans, en þeirra, sem eru í prófessorsstöðu við stofnunina.

En þegar svo litið er á það, hvernig núverandi kennari (dósent) hefir rækt starfið, og hins vegar hverju hann hefir afkastað fyrir hin sögulegu vísindi, er snerta Ísland og Íslendinga, þá verður ekki efast um, að þetta hvorttveggja sje einkar vel af hendi leyst. Að þessu athuguðu er því öll nefndin á einu máli um það, að þessa fræðigreinin beri að skoða sem eina meðal aðalnámsgreina skólans, og sömuleiðis, að núverandi aukakennari verði þar skipaður prófessor og njóti þeirra hækkandi launa, sem lögin ákveða. Hins vegar getur nefndin ekki fallist á það í frv., að launahæðin verði reiknuð á þann veg, að telja núverandi aukakennara þann tíma til launahækkunar, er hann hefir verið kennari, eins og hann hefði verið aðalkennari allan tímann, og það því síður, sem byrjunarlaun prófessora verða nú sennilega hækkuð að miklum mun. Leyfir nefndin sjer því að leggja til, að samþ. verði svofeld

BREYTINGARTILLAGA:

1. og 2. gr. frv. verði ein (1.) grein og hljóði svo:

Siðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekisdeild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og menningarsögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti. Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Stefán Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Einar Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Jörundur Brynjólfsson.